

1. Reglugerð um almennt starf sveitarinnar

- 1.1 Eftirfarandi reglur gilda um almennt starf Súlna og einstaka flokka innan sveitarinnar, eftir því sem við á. Þar með talið æfingar, æfingaferðir, leiðangra og námskeið. Með almennu starfi er átt við alla liði á starfsáætlun Súlna, útköll, fjáraflanir og aðra viðburði sem félagar sveitarinnar eru boðaðir til.
- 1.2 Hver flokkur skal kjósa sér formann og tvo meðstjórnendur til eins árs í senn. Kjöri skal vera lokið fyrir 1. október. Ef ekki næst samstaða um formann getur stjórn skipað hann.
- 1.3 Á fundum skulu flokkar gera fundargerð og afhenda ritara sveitarinnar.
- 1.4 Formenn flokka sjá til þess að reglugerðum viðkomandi flokks sé fullnægt. Þeir skulu einnig annast mannhald flokksins og röðun á lista en þá ávallt leggja allar breytingar fyrir stjórn til upplýsingar. Formenn flokka skulu kappkosta að fylgjast með þjálfun og kunnáttu flokksfélaga og sjá þeir um skipulag við útköll. Formenn flokka bera einnig ábyrgð á störfum viðkomandi flokks og tilheyrandi búnaði gagnvart sveitinni og stjórn hennar. Formenn flokka koma með tillögu að endurmenntun félaga.
- 1.5 Sá aðili sem ábyrgur er fyrir viðkomandi starfslið samkvæmt starfsáætlun skipar stjórnanda (fararstjóra).
- 1.6 Stjórnandi/fararstjóri skal:
 - a. Kanna þátttöku fyrirfram.
 - b. Hafa samráð við formenn tækjaflokka um farartæki.
 - c. Útvega húsnæði ef þörf er á.
 - d. Skilja eftir lista yfir þátttakendur.
 - e. Sjá til þess að haldið sé utanum þann búnað sem farið er með og að hann skili sér allur til baka.
 - f. Fá samþykki stjórnar fyrir ferðum og æfingum utan starfsáætlunar.
- 1.7 Fullgildir félagar geta sótt um styrki úr sveitarsjóði til að sækja námskeið eða fara í þjálfunarferðir. Umsækjendur skulu gera grein fyrir tilgangi og markmiðum ferðarinnar/námskeiðs og skila inn kostnaðaráætlun. Við mat á umsóknum skal stjórn hafa til hliðsjónar gagnsemi umræddrar ferðar/námskeiðs fyrir sveitina og störf umsækjenda í hennar þágu.
- 1.8 Í útköllum og starfi á vegum sveitarinnar skulu félagar bera einkennisfatnað Slysavarafélagsins Landsbjargar, merktum sveitinni.

*Breytingar samþykktar á stjórnarfundum 23.10.2013
Fyrsta útgáfa 14.3.2012*